



2. töl.

Skólaáriði 2018/ 2019

Fréttabréf GSnb



Þá er veturinn skollinn á með öllum sínum blæbrigðum. Skólastarfið gengur vel, fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf haft í hávegum með það að markmiði að koma til móts við sem flesta.

Það er tvennt sem ég vil nefna nú í upphafi:

- * 1. og 2. nóvember eru starfsdagar í skólanum og því frí hjá nemendum.
- * Eins og áður hefur komið fram þá verður skóladagur laugardaginn 1. desember. Dagurinn verður skertur dagur sem þýðir að viðvera er einungis hluta af deginum. Þennan dag er 100 ára fullveldishátíð Þjóðarinnar, við ætlum að minnast þeirra tímamóta með opnu húsi þar sem sögunni verður gerð góð skil og sjónum beint að því hvernig það var að vera barn á þessu 100 ára tímabili.



Læsi og læsisstefna

Lestur og læsi í víðum skilningi þess orð er gríðarlega mikilvæg færni í nútímasamfélagi svo einstaklingar geti verið virkir samfélagsþegnar, geti skilið betur það umhverfi sem þeir lifa og hrærast í. Læsissteymi skólans lauk við samningu læsisstefnu nú í sumar og eru þeim sem komu að þeirri vinnu hér með færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Lestur er lykill að ævintýrum lífsins er yfirskrift læsisstefnu Grunnskóla Snæfellsbæjar. Hún vísar til þess að skapa tækifæri fyrir einstaklinginn til þess að hverfa inn í heim ævintýra með lestri góðra bóka og leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín. Slík upplifun getur haft áhrif á nýsköpun, framfarir og færni í að leita lausna í daglegu lífi. Við leggjum áherslu á að læsi er ekki stök námsgrein heldur grundvallarfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms og starfa í samfélaginu. Lestrarþjálfun er samstarfsverkefni heimilis og skóla og er grunnur að farsælli lestrarfærni.

Sjá https://docs.wixstatic.com/ugd/78b0ab_44f499e5a1694c88bd63c1848351d004.pdf



Tölvu- og skjáfíkn

Í byrjun október fengum við við góða heimsókn frá Mikils virði, þær Guðrúnu Katrínu Jóhannesdóttur félagsfræðing og Lovísu Maríu Emilsdóttur félagsráðgjafa. Þær voru með námskeið um tölvu- og skjánotkun barna.

Byrjuðu þær á því að hitta nemendur í 7.- 10. bekk og ræddu m.a. um þann tíma sem þeir verðu fyrir framan skjái, tölvu- og skjáfíkn, að vera besta útgáfan af sjálfum sér, mikilvægi þess að þeir gerðu sér grein fyrir við hverja þeir væru að spila og að það sem þeir settu á netið væri þar. Þær unnu stutt verkefni með nemendum og svöruðu fyrirspurnum úr sal. Seinna, þennan sama dag, funduðu þær með foreldrum og var góð mæting foreldra.

Nálgunin var önnur í þetta sinn. Fjölluðu þær almennt um skjánotkun, hvað væri jákvætt við hana og helstu afleiðingar tölvufíknar (líkamlegar og sálrænar). Þær fengu foreldra til að meta tölvunotkun barna sinna og meta hvort um tölvufíkn væri að ræða hjá þeim. Í

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



framhaldinu bentu þær foreldrum á hagnýt ráð til að takast á við fíknina og semja aðgerðaáætlun. Lýstu þær sig reiðubúnar til að koma aftur og aðstoða einstaka foreldra væri þess óskað.

Almenn ánægja var með umfjöllun þeirra meðal foreldra, nemenda og starfsfólks skólans. Umfjöllunin var bæði fræðileg og áhugaverð. Þær náðu vel til fundargesta og gáfu hagnýt ráð um hvernig hægt væri að koma í veg fyrir fíknina og aðstoða þá sem væru orðnir háðir skjánotkuninni

Sjálfsmat

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst að vera umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, finna hvað vel er gert og hvað má betur fara, vinna áætlun um úrbætur og hrinda henni í framkvæmd.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið, sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni, eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatsskýrslan sem nú lítur dagsins ljós er önnur í röðinni sem byggð er á líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gáfu út árið 2012. Líkanið er kynnt í bæklingnum Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum.

Í heildina má segja að niðurstöður matsins séu jákvæðar fyrir skólann. Af tíu þáttum sem voru metnir komu fjórir mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum, og flestir eða allir undirþættir þeirra þáttu sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir sex þættirnir hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Skólinn getur vel við unað en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra. Fram koma þættir þar sem hægt er að gera enn betur og er þeirra getið í umbótaáætluninni. Sjálfsmatsskýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Skapandi skrif

Nú á haustdögum fengum við Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, rithöfund og teiknara, í heimsókn. Hún var með námskeið um skapandi skrif fyrir nemendur í 3. – 7. bekk. Markmið námskeiðsins var að auka áhuga barna á lestri bóka og ritun. Hún fékk góð viðbrögð frá nemendum og skildi hún eftir hugleiðingar um mikilvægi lesturs fyrir nemendur sem sendar voru til foreldra á þrem tungumálum, þ.e. íslensku, pólsku og ensku. Menntamálastofnun og Samtök íslenskra barna- og unglingabókahöfunda (SÍUNG) buðu upp á námskeiðið fyrir valda skóla á Vesturlandi.

Samtalsdagurinn.

Skólinn okkar er lifandi stofnun sem er í þróun. Við eigum að vera óhædd við að gera tilraunir, breyta til, meta hvernig til hefur tekist og halda svo áfram alltaf með menntun og líðan nemenda að leiðarljósi. Eitt af því sem við þurfum að velta fyrir okkur er hvaða hæfni mun þurfa til að ná árangri í samfélagi fjórðu iðnbyltingarinnar sem margir segja að sé nú þegar hafin. Alþjóðlega viðskiptastofnunin telur að mikilvægir hæfniþættir í náinni framtíð verði:

- Getan til að leysa flókin vandamál
- Sköpunarhæfni
- Hæfni í að vinna með öðrum
- Tilfinningagreind
- Dómgreind og ákvarðanatataka
- Þjónustulund

Með þetta í huga leggjum við áherslu á lykilhæfni í skólastarfinu og höfum hana til grundvallar í samtali við foreldra og nemendur á samtalsdögum. Þeir þættir sem við leggjum áherslu á og metum eru:





Samvinna og samskipti
Skapandi og gagnrýnin hugsun
Sjálfstæði
Ábyrgð og
Tjáning

Nemendur í 5.-10. bekk voru virkir í matinu að þessu sinni, með góðum árangri. Mátu þeir stöðu sína við mat kennara. Samtalsdagurinn snerist svo að mestu um styrkleika nemenda, hvað mætti betur fara og að setja sér markmið út frá niðurstöðum matsins. Það er okkar skoðun að samtalsdagurinn hafi tekist vel. Leitast var við að skapa góða stemningu og bjóða upp á vöfflur og heitt súkkulaði sem mæltist mjög vel fyrir.

Áhættumat

Á vordögum þurfti skólinn að gangast undir áhættumat í anda nýrra persónuverndarlaga. Áhættumatið var á forni sjálfsmats. Skólinn fékk sent sjálfsmatsskjal með að hluta til forútfylltum upplýsingum/upplýsingaflokkum og notendum/aðilum sem skipta máli varðandi trúnað, réttlæika og tiltækileika upplýsinganna/upplýsingaflokkanna. Marinó G. Njálsson, sérfræðingur um upplýsingaöryggi og persónuvernd, veitti ráðgjöf við matið og fór yfir niðurstöður þess, varpaði í áhættugildi og setti fram ábendingar.

Niðurstöður áhættumatsins sýna að ýmis tækifæri eru til umbóta, þó í heildina sé staðan talin góð. Átta atriði eru utan ásættanlegrar áhættu, en þarf af tvö með mikla áhættu.

36 atriði metin og skiptast áhættugildi þeirra sem hér segir:

28 falla undir litla áhættu sem ekki þarf að bregðast frekar við.

Sex falla undir miðlungsáhættu sem þegar er tekið á í reglubók skólans með almennum öryggisreglum.

Tvö falla undir mikla áhættu, sem bregðast þarf við með sértækum öryggisráðstöfunum.

Ekkert fellur undir mjög mikla áhættu sem hefði krafist viðbragðsáætlana eða varaleiða.

Í heildina getur skólinn mjög vel við unað en það eru tvö atriði sem snúa að varðveislu skriflegra gagna og viðbrögðum ef tímarof verður í aðgengi að gagnagrunni skólans, sem þarf að færa til betri vegar.

Fundur með nefndum og ráðum

Í lok október var fundur með öllum þeim nefndum, ráðum og stjórnnum sem tengjast skólastarfinu, þ.e. stjórnendateymi skólans, bæði nemendaráðin, stjórnir foreldrafélaganna, skólaráð og fræðslunefnd. Tilgangur þessa fundar er að kalla saman þær nefndir og ráð sem vinna að hagsmunum skólans. Kynna fyrir þeim stefnu og stöðu í skólanum, að nefndarfólk kynnist, fá umræður og hlusta eftir mismunandi sjónarmiðum nefndarfólks.

Að lokum

Af þessu fréttabréfi má sjá að það er margt um að vera í skólanum og að mörgu að hyggja. Við leggjum okkur fram um að gera okkar besta en alltaf er eitthvað sem má betur fara eða er óljóst. Ég þigg með þökkum allar slíkar ábendingar.

Hafið það sem best og eigið góðar stundir

Hilmar Már Arason
Skólastjóri

